EUROPEAN AGENCY for Special Needs and Inclusive Education

VOICES INTO ACTION

RADDIR TIL AÐGERÐA

Rammi fyrir þýðingarmikla þátttöku nemenda og fjölskyldna í ákvarðanatöku í menntamálum

ALVÖRU FRAMFARIR Í ÁTT AÐ SKÓLAKERFI FYRIR ALLA GETUR AÐEINS GERST ÞEGAR VIÐ ...

VIÐURKENNUM **HLUSTUM Á** **SKILJUM** **BREGÐUMST VIÐ**

...ALLAR RADDIR

Nemendur og fjölskyldur hafa sjaldan áhrif á ákvarðanatökur í menntamálum sem hafa bein áhrif á líf þeirra, jafnvel þó að þau fái tækifæri til að deila áliti sínu í skólastofunum og samfélögum.

Raddir til aðgerða (Voices into Action - VIA) verkefnið rannsakar leiðir til að þróa þátttökumiðaða nálgun á ákvarðanatöku í menntamálum þar sem nemendur og fjölskyldur eru miðpunkturinn.

Það stingur upp á VIA rammanum fyrir þýðingarmikla þátttöku í skóla fyrir alla, ígrundunartæki sem lýsir hagnýtum og siðferðilegum sjónarmiðum fyrir, á meðan og eftir þátttöku.

Hvað eru „raddir“?

Miðlun gilda, viðhorfa, skoðana og sjónarhorna nemenda og fjölskyldna þeirra.

Hvað er „þýðingarmikil þátttaka“?

Viðurkenning og innlimun radda nemenda og fjölskyldu sem **jafngildar** og **óaðskiljanlegar** umræðum á öllum kerfisstigum. Þetta felur í sér að tryggja **virkt umboð** og **sameiginlegt** vald til að koma hugmyndum af stað og hafa áhrif á ákvarðanir.

VIA ramminn fyrir þýðingarmikla þátttöku í skóla fyrir alla

VIA ramminn byggir á líkani af þátttöku barns sem þróað var af Laura Lundy (2007).[1] Hann beitir fjórum hugtökum líkansins ‘**Rými**’, ‘**Rödd**’, ‘**Áheyrendur**’ og ‘**Áhrif**’ á menntunarsamhengið og útvíkkar það til að ná yfir fjölskyldur auk barna og ungmenna, að teknu tilliti til helstu siðferðissjónarmiða.

Stefnumótendur, skólastjórnendur, kennarar og aðrir hagsmunaaðilar í menntamálum geta notað VIA rammann til að:

- **Íhuga og bregðast við röddum allra í ákvarðanatöku, sérstaklega þeirra sem eru jaðarsettir eða viðkvæmir fyrir útskúfun**
- **Þróa getu allra hagsmunaaðila (þekkingu, skilning og færni) til að hlusta og deila röddum sínum**
- **Fella inn og viðhalda siðferðilegri nálgun á öllum stigum (þ.e. öryggi, aðgengi, varnarleysi, hlutdrægni og gagnsæi)**
- **Halda uppi, meta og halda áfram að bæta þátttöku fyrir fjölbreytta hagsmunaaðila, þvert á mismunandi kerfi og samhengi**

VIA ramminn

Skapaðu örugg og innifalin tækifæri til að mynda og tjá raddir

- Lágmarkaðu hlutdrægni í vali með því að tryggja að jaðarhópar séu með
- Nýttu þér tækni, kynslóðanálgun og samfélagsstarf frjálsra félagasamtaka
- Gefðu gaum að áhyggjum varðandi aðgengi, samþykki, öryggi, rétt til að tjá skoðun og rétt til upplýsinga

Auðveldaðu frjálsa tjáningu radda í þeim miðli sem valinn er

- Ræddu efni sem eru þroskandi, viðeigandi og gagnleg fyrir einstaklinginn/hópinn
- Veittu aðgengilegt undirbúningsefni og viðeigandi stuðning til að byggja upp getu til þátttöku
- Gefðu gaum að áhyggjum varðandi varnarleysi, persónuupplýsingar og réttinn til leiðbeiningar frá fullorðnum



Bregstu við röddunum

- Tryggðu skýrleika og gagnsæi um hvernig brugðist er við röddum og væntanleg áhrif
- Veittu viðeigandi endurgjöf til allra þátttakenda og taktu þá með í matsferlinu
- Gefðu gaum að hugsanlegri rangtúlkun radda og ófyrirséðum afleiðingum

Hlustaðu á raddirnar af ábyrgð

- Hvettu og mettu framlag kynslóða og fjölbreyttra sjónarhorna
- Fáðu aðgang að viðeigandi stuðningi og leiðum til að skilja og túlka sjónarmiðin sem sett eru fram
- Gefðu gaum að valdaójafnvægi og ómeðvitaðri hlutdrægni

Fáðu aðgang að VIA vefsvæðinu til að fræðast meira um verkefnið, rammann og VIA netverkfærakistuna, gagnvirkt úrræði sem býður upp á upplýsingar og dæmi um framkvæmd:

www.european-agency.org/activities/VIA

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2022

[1] Lundy, L., 2007. ‘“Voice” is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child’ *British Educational Research Journal*, 33 (6), 927–942. www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/01411920701657033

VOICES INTO ACTION

IS

Samfjármagnað af Evrópusambandinu

Fjármagnað af Evrópusambandinu. Skoðanir og álit sem sett eru fram eru hins vegar eingöngu höfundar og endurspegla ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hvorki Evrópusambandið né framkvæmdastjórn ESB geta borið ábyrgð á þeim.